

Lionsumdæmi 109 – A

Starfsárið 2016 – 2017.



Ársskýrsla

Umdæmisstjórnar

Gunnar E. Vilbergsson umdæmisstjóri

Inngangur.

Nú er að líða að lokum starfsársins 2016-2017 og þar með minn tími í Umdæmis-og fjölumðæmisstjórn Lionshreyfingarinnar. Ég hef verið 6 ár þann 1. júlí n.k.. Ég byrjaði sem sykursýkisfulltrúi að áeggjan Kristófers Tómassonar þáverandi umdæmisstjóra og var það í þrjú ár. Á síðasta ári mínu sem slíkur gaf ég kost á mér sem 2. varaumðæmisstjóri. Ég verð að viðurkenna að ef ég hefði vitað að enskan væri svona gríðarlega þýðingarmikil hefði ég ekki gefið kost á mér. Enskan er minn veikleiki svona fyrst og fremst. Góða enskukunnáttu þarf í þetta starf. Ég á konu sem er enskumælandi og það bjargaði mér í þessu ferli og er ég henni afar þakklátur. Ellert Eggertsson Lkl. Hafnafjarðar er varaumðæmistjóri og Geirþrúður Bogadóttir 2. varaumðæmisstjóri og hef ég notið þess að vinna með þeim. Þau eru bæði afar frambærileg og hlakka ég til að fylgjast með þeim úr fjarlægð. Við höfum haldið nokkra fundi á tímabilinu og þá heima hjá hvoru öðru. Ég legg mikla áherslu á að varaumðæmisstjórnarnir séu hafðir með í ráðum. Þegar mínu tímabili líkur 1. júlí n.k. mun ég fjarlægjast og einbeita mér að því að vera góður lionsfélagi í mínum klúbbi Lionsklúbbi Grindavíkur. Ég gekk í hann 1998.

Þetta starfsár hef ég lagt mikla áherslu á að reyna að koma í veg fyrir brottfall félaga og ætti lionsmönnum í 109-A að vera kunnugt um það.

Það að minnka brottfall hefur gríðarlega þýðingu og það sjá allir sem vilja sjá, að missa út 100 félaga á ári gengur bara alls ekki. Því verða lionsfélagar að taka höndum saman og vinna í því. Kanna hvað veldur og hvað er til bóta.

Umdæmis-og fjölumðæmisþingið.

Síðasta þing var haldið í Mosfellsbæ og voru það Lionsklúbbur Mosfellbæjar og Lionsklúbburinn Úa einnig úr Mosfellsbæ sem sáu um að halda það. Það var til mikillar fyrirmyndar eins og vænta mátti á þeim bænum. Þetta þing var mun fjölmennara en árið áður. Það er samt ástæða til að hvetja klúbba til að vera duglegri við að mæta á þing. Þar hitta lionsfélagar mann og annan og kynnst. Þeir ræða um starfið og stofna jafnvel til tengsla á milli klúbba sem getur síðan orðið til þess að klúbbar heimsæki hvorn annan. Það væri vissulega af hinu góða.

Umdæmisstjórn starfsársins 2016 - 2017

Á umdæmisþingi 109 A voru kosnir til embætta:

Gunnar Vilbergsson	umdæmisstjóri,
Ellert Eggertsson	1. varaumðæmisstjóri og
Geirþrúður Fanney Bogadóttir	2. varaumðæmisstjóri.
Árni Brynjólfur Hjaltason	fjölumðæmisstjóri.

Í 109 B voru kosin til embætta:

Björg Bára Halldórsdóttir	umdæmisstjóri,
Björn Guðmundsson,	1. varaumðæmisstjóri og
Sigfríð Andradóttir,	2. varaumðæmisstjóri.

Umdæmisstjórn 109 A var skipuð eftirtöldum Lionfélögum.

Nafn	Embætti	Klúbbur
Gunnar Vilbergsson	Umdæmisstjóri	Grindavíkur
Ellert Eggertsson	Varaumdæmisstjóri	Hafnafjarðar
Geirþrúður F Bogadóttir	2. Varaumdæmisstjóri	Æsa
Halldór Karl Hermannsson	Umdæmisritari/gjaldkeri	Grindavíkur
Snorri Jónsson	Svæðisstjóri 1-2	Seyðisfjarðar
	Vantaði svæðisstjóra svæði 3	
Jóhannes Eggertsson	Svæðisstjóri svæði 4	Dynk
Eðvarð Ólafsson	Svæðisstjóri svæði 5	Sandgerðis
Edda Rut Hlín Waage	Svæði 6	Seylu
	Vantaði svæðisstjóra	Svæði 7
Guðmundur S Guðmundsson	Svæði 8	Víðarri
Halldóra Þorvaldsdóttir	Svæði 9	Engey
Björgúlfur Þorsteinsson	Félagafulltrúi (GMT)	Hafnafjarðar
Guðrún Sesselja	Konur í Lions (GMT)	Kaldá
Eggert J Levy	Leiðtoga-fræðslu fltr. GLT	Víðarri
Jórunn Guðmundsdóttir	Lestrarátaksfulltrúi	Ýr
Kristófer Tómasson	Kynningafulltrúi	Geysi
Kristín Þorfinnsdóttir	Alþjóðahjálparsjóðsfltr. LCIF	Emblu
Jóhanna Thorsteinsson	Menningarfulltrúi	Seyðisfjarðar
Hörður Jónsson	Heilbrigðisfulltrúi	Grindavíkur
Þór Steinarsson	MedicAlert fulltrúi	Fjörgyn
Valdimar Einarsson	Netfulltrúi	Grindavíkur
Þórunn Friðriksdóttir	Ungmennafulltrúi	Æsa
Jóhanna Thorsteinsson	Umhverfisfulltrúi	Seyðisfjarðar
Jón Pálmason	Heiðursráð 1	Víðarri
Guðmundur H Gunnarsson	Heiðursráð 2	Förgyn
Einar Þórðarson	Heiðursráð 3	Fjörgyn
Kristófer Tómasson	Heiðursráð 4	Geysi
Kristín Þorfinnsdóttir	Heiðursráð 5	Emblu

Ég færi þessu góða Lionsfólki innilegar þakkir fyrir góð kynni og vel unnin störf.

Alþjóðþingið

Að þessu sinni var alþjóðþingið í Fukuoka í Japan. Þetta þing var mjög merkilegt fyrir okkur Íslendinga því þarna var í framboði til 2. varaalþjóðaforseta Guðrún Björt Yngvadóttir. Hún var í framboði ásamt öðrum en þessir aðrir drógu sig allir til baka þegar að kjörinu kom og var því Guðrún Björt ein í kjöri slíkur er styrkur hennar. Við 3 embættismenn voru settir inn í embætti við hátíðlega athöfn en áður en að því kom vorum við búin að fara í skóla sem haldinn er fyrir alla viðtakandi umdæmisstjóra. Gríðarlegt umfang er í kringum þetta allt saman. Þessi ferð er okkur og þeim sem voru samferða ógleymanleg .

Guðrún Björt verður 1. alþjóðlegur varaforseti Lions frá og með 1. júlí n.k. Ég ætla ekkert að fjölyrða um gæði hennar sem leiðtoga það vita allir lionsfélagar á Íslandi um það.

Við ágætir lionsfélagar verðum að halda vöku okkar og reyna að fjölga í Lionsklúbbum vítt og breytt um landið. Það skiptir máli fyrir okkur og ekki síst fyrir Guðrúnu Björt. Við megum t..d. ekki fara niður fyrir 1250 féлага. Það skiptir svo miklu máli fyrir svo margt hér í umdæminu. Reynum að bæta við félögum og skráum þá strax inn í hreyfinguna.

Þann 1. apríl s.l. voru félagar í Umdæmi 109 A 1256. Við verðum greinilega að herða tókin. Ég treysti því að þið setjið út árarnar og róið af stað.

Starfið hér heima.

Umdæmisstjórnarfundir

Það hafa verið haldnir 3 umdæmis og fjölumdæmisfundir á starfsárinu. Sá fyrsti var haldinn í byrjun sept. sl. Þar kynntu umdæmisstjórnarnir sín markmið og umdæmisstjórnirnar sem starfa munu á starfsárinu. Næsti fundur var seinnipartinn í nóvember og þriðji fundurinn var haldinn 1. apríl. Þá var í fyrsta skipti haldinn umdæmisfundur í nýja Lionsheimilinu Hlíðasmára 14 í Kópavogi. B-umdæmið hélt sinn fund þar en A-umdæmið var með sinn fund á Sögu og síðan var fjölumdæmisfundurinn þar. Þau sem voru í Hlíðasmáranum létu mjög vel af því að funda þar. Það er gott til þess að vita það og ég hvet klúbba á höfuðborgarsvæðinu að nýta sér aðstöðuna til fundahalda.

Á fundi þessa fundi koma embættismenn með skýrslur og flytja m.a. ágríp úr þeim á fundinum en annars er hægt að lesa skýrslurnar inni á netinu. Mér finnst gott að heyra ágríp skýrslna á fundunum en ekki eru allir sammála því eins og gengur. Þessir fundir fóru ágætlega fram og rætt um markmið þau sem sett voru og hvernig gengi að fylgja þeim eftir. Í mörgum tilfellum hefur þetta gengið vel en kannski eins vel í öðrum. Lionsfélagar verða alltaf að halda vöku sinni og sinna lionsstarfinu af alúð. Við vitum jú að hjálparstarfið sem lionsklúbbar veita er ómetanlegt. Einnig verðum við að hugsa vel til Alþjóðahjálparsjóðsins. Við vitum að Íslendingar hafa fengið mikla aðstoð þaðan þegar alvarlegir atburðir hafa gerst hér á landi og því ættum við að huga að þessum dýrmæta sjóði. Við þurfum að fara í átak til að setja meira fé inn í hann. Lionsfélagar ég hvet ykkur því til þess á næsta ári að hafa það í forgangi að styrkja Alþjóðahjálparsjóðinn. Þið sem eruð á þessum fundi og stýrið næsta starfsári og hafið það svoltið í hendi ykkar hvað gerist í þessum málum.

Kynningarmálin.

Það er í sífellu unnið að kynningarmálum og betur má ef duga skal. Það virðist vera erfitt að ná til fólks og þá sérstaklega til ungs fólks. Kynningarteymin hafa farið í Smáralind og víðar og þá hafa þeir haft Lionsbílinn fyrir utan viðkomandi stað þar sem teymin eru að störfum. En eins og mörg hver ykkar vitið lánaði Askja Lions bíl í heilt ár og er hann eiginlega akandi auglýsing þ.e merktur Lions bak og fyrir. Pálmi Hannesson er umsjónarmaður bílsins og er reiðubúinn að koma með hann sé þess óskað.

Félagamál og svæðisstjórar

Eins og ávallt er unnið í félagamálunum. Ég hef reyndar lagt meiri áherslu á brottfall félaga. Þegar þessi skýrsla er skrifuð er brottfall meira í klúbbum í umdæmi 109 A en innkoma nýrra félaga. Betur má ef duga skal. Ég vænti þess að vísu að þetta jafnist áður en mitt starfsár er búið. Klúbbar taka oft inn nýja félag í lok starfsárs eins og t.d minn klúbbur. Ég vona að þessar tölur jafnist áður starfsárinu lýkur. Það er afar mikilvægt að missa féлага ekki niður fyrir 1250 en eins og áður hefur komið fram voru þeir 1256 þann 1. apríl s.l. svo ekki munar miklu

Oft er talað um að breyta hlutverki svæðisstjóra. Ég er ekki alveg viss um að þörf sé á því. Þar sem öflugir svæðisstjórar eru virkar þetta mjög vel en ég ætla ekki að gera upp á milli þeirra mitt starfsár, þeir voru hver öðrum betri. Það sem veldur mér samt áhyggjum það er þegar klúbbar sjá sér ekki fært að útvega svæðisstjóra. Ég veit að fyrir næsta starfsár eru komnir svæðisstjórar fyrir öll svæðin. Það er einkar ánægjulegt. Á svæði 5, sem er mitt svæði, hefur sú regla komist á að ritari svæðisstjóra kemur frá klúbbi sem á næsta svæðisstjóra. Þetta hefur verið svona í nokkur ár og reynist afar vel. Ritari er þá kominn með reynslu og er tilbúnari að taka við þessu mikilvæga starfi.

Klúbbaheimsóknir

Eitt af aðalverkefnum umdæmisstjóra eru heimsóknir í klúbba. Þegar þetta er skrifað er klúbbaheimsóknum að mestu lokið. Ég, 1. og 2. varaumdæmisstjóri skiptum á milli okkar svæðunum. Þetta er eitt af mikilvægustu verkefnum okkar að hitta aðra lionsfélaga og hlusta á hvað þeir hafa fram að færa og kom skilaboðum frá umdæmis- og fjöllumdæmisstjórn. Einnig eru ákveðin skilaboð frá Alþjóðastjórn sem þarf að kynna og ræða um.

Ég er býsna sáttur við klúbbana á okkar svæði. Flestir þeirra eru að standa sig afar vel og þá skiptir ekki máli hvort þeir eru stórir eða smáir. Þeir vinna vel fyrir sitt samfélag sem er auðvitað aðalmálið og leggja jafnframt hönd á plóginn hvað umdæmið varðar. Það má kannski segja að tveir klúbbar séu í talsverðum vandræðum og líklegt að lionsfélagar í öðrum þeirra hætti. Það mun koma í ljós 1. júlí n.k hvort af því verður.

Ef svo verður vona ég að þeir lionsfélagar finni sér annan klúbb til að vera í því ég veit að þetta eru duglegir félagar sem hafa lagt góðum málum lið í gegnum tíðina.

Ég hef haft mikla ánægju af því að heimsækja klúbba á okkar svæði og ég tel mig vera ríkari mann á eftir. Lionsfélagar í þessum lionsklúbbum er við ýmsar uppákomur og flestar miða að því að fá fjármagn til að hægt sé að styrkja góð málefni.

Takk fyrir lionsfélagar fyrir góðar móttökur og haldið áfram að standa ykkur vel.

Afmæli Lionsklúbba

Eftirtaldir klúbbar í umdæmi 109 A hafa átt stórafmæli á starfsárinu:

Lionsklúbbur Hornafjarðar	50 ára stofndagur	11. sept. 1966
Lionsklúbburinn Fylkir	40 ára stofndagur	4. apríl 1977
Lionsklúbburinn Ægir	60 ára stofndagur	6. mars 1957
Lionsklúbburinn Æsa	20 ára stofndagur	31. ars 1997

Ég færi þessum klúbbum mínar bestu afmælisóskir á þessum tímamótum og megi þeir lifa vel og lengi jafnframt því að halda áfram að leggja góðum málum lið.

Rekstur hreyfingarinnar

Í okkar áætlunum um rekstur hreyfingarinnar starfsárið 2016-2017 var gert ráð fyrir hallalausum rekstri en svo virðist að það hafi ekki tekist að öllu leyti. Hvað þýðir það. Það þýðir einfaldlega að draga þarf úr rekstrinum á meðan verið er að ná jafnvægi í hann. Ekki er hægt að leggja stöðugar álögur á félagana með hækkunum á félagsgjöldum. Ég held við verðum að fækka verkefnum en ekki auka og ef það á að fara í ný verkefni þá verður að taka önnur til hliðar. Ekki endilega að hætta við þau. Ég er með miklar væntingar til viðtakandi umdæmisstjórnar og ég vona að þeim takist að stoppa í gatið. Við fjárfestum að vísu í nýju Lionsheimili og það kostar sitt. Við höfum því sent félögunum valgreiðslur upp á kr. 3000.- og vonumst til að sem flestir sjái sér fært að greiða þessa upphæð. Eins og ég sagði eru þetta valgreiðslur og hverjum frjálst að greiða þessaupphæð. Þetta er gert til að minnka skuldina áður en lán til nokkura ára er tekið. Þessi eign Lionshreyfingarinnar er mjög góð að mínu mati, góður salur til að funda í en sumir hafa kvartað yfir litlu geymsluplássi. Það er mín skoðun að hreyfingin eigi ekki að útvega geymslupláss fyrir klúbbana. Þar verða þeir að bjarga sér sjálfir. Framtíð hreyfingarinnar er björt með góðu utanumhaldi. Framtíðarhúsnæðið er komið. Ég vænti þes að hreyfingin njóti þessa húsnæðis og ég vildi gjarnan að súpufundir á föstudögum komi aftur. Mér fannst þeir fundir vera ánægjulegir og þar hittu maður mann og annan í góðum félagsskap.

Lokaorð

Við lok starfsárs langar mig til að þakka öllu því góða lionsfólki sem starfar fyrir hreyfinguna fyrir vel unnin störf. Ég hef verið 6 ár í umdæmisstjórn fyrst sykursýkisfulltrúi og síðan þetta umdæmisstjóraferli 2. 1. og síðan umdæmisstjóri. Þetta er orðið ágætt og þegar ég læt af störfum 1. júlí lýkur minni starfi fyrir umdæmisstjórn. Ég mun nú snúa mér eingöngu að mínum klúbbi og reyna að vinna vel fyrir hann.

Ég vil þakka minni umdæmisstjórn fyrir samstarfið og einnig þakka ég fjölumdæmisstjóranum Árna Brynjólfi Hjaltasyni og umdæmisstjóra í umdæmi 109 B fyrir góða samvinnu og aðstoð við marga hluti sem ég var ekki með á hreinu. Þetta var gott samstarf og ég vona að viðtakandi umdæmisstjórn fái góðan vind í seglin þegar þeir taka formlega við þann 1. júlí 2017.

Gunnar Vilbergsson,
umdæmisstjóri 109 A